

Sp.

86. Tillaga til þingsályktunar

[54. mál]

um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum og stjórnarákvörðunum um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna og leggja fyrir Alþingi tillögur til breytinga, eftir því sem ástæða þykir til, að endurskoðun lokinni. Gefa skal fulltrúum — tilnefndum af fjórðungsþingum Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga, einum frá hverju fjórðungsþingi — kost á að taka þátt í endurskoðuninni, svo og einum fulltrúa frá fjórðungsþingi Sunnlendinga, ef stofnað verður.

Greinargerð.

Á Alþingi og víðar hafa á undanförnum árum verið uppi tillögur um að breyta til um aðsetursstað ýmissa ríkisstofnana og embættismanna. Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á samgöngum í landinu. Húsakostur hefur aukizt og batnað, raforka verið leidd víða um land, sérmenntun orðin almennari en fyrr o. s. frv. Af þessu leiðir t. d., að staðir, sem fyrrum þóttu óhæfir aðsetursstaðir embættismanna eða opinberrar starfrækslu, eru nú engu síður til þess hæfir en aðrir staðir voru, þegar embættismönnum og stofnunum var ákveðið aðsetur þar. Nokkrir bæir eru nú eins fjölmennir eða fjölmennari en Reykjavík var á síðustu áratugum 19. aldar.

Reykjavík er höfuðstaður Íslands, og auðvitað vill þjóðin sýna höfuðstaðnum sóma. Það hefur hún gert á margan hátt og mun gera. En af því þarf ekki að leiða, að allir embættismenn og ríkisstofnanir, sem starfa fyrir landið í heild, þurfi að hafa aðsetur í Reykjavík. Fyrir byggðir landsins utan Reykjavíkur getur það verið mikils virði, menningarlega eða fjárhagslega, að slík embætti eða stofnanir starfi þar, þótt það skipti minna máli fyrir hina fjölmennu höfuðborg.

Af tillögum, sem uppi hafa verið á Alþingi um þetta efni, má nefna t. d. tillögu um, að biskup landsins skuli hafa aðsetur í Skálholti og húsmæðrakennaraskólinn á Akureyri, enn fremur um flutning kennaraskólans. Eflaust kemur fleira til athugunar í þessu sambandi. Að sjálfsgöðu er ekki um það eitt að ræða að flytja embætti eða stofnanir, sem nú hafa aðsetur í Reykjavík. Aðrar breytingar koma einnig til greina. Hér er um að ræða athugunarefni, sem er þess vert, að það sé tekið þeim tókum, sem tillagan gerir ráð fyrir, og því fyrr, því betra.